



Ársskýrsla  
og ársreikningur  
2008



Frá „útlandinu“. Það er víðar en á Íslandi sem þörf er skjóli fyrir búskapinn.

## Efnisyfirlit.

Almennt um árið 2008.....	3
Helstu framkvæmdir.....	4
Fundargerðir stjórnar.....	5
34. stjórnarfundur Skjólskóga .....	5
35. stjórnarfundur Skjólskóga .....	6
36. fundur Skjólskóga á Vestfjörðum .....	7
37. fundur Skjólskóga á Vestfjörðum .....	8
38. fundur Skjólskóga á Vestfjörðum .....	10
39. fundur Skjólskóga á Vestfjörðum .....	11
40. stjórnarfundur Skjólskóga á Vestfjörðum .....	12
Ársreikningur 2008 .....	13

## Almennt um árið 2008.

Árið 2008 einkenndist sem fyrr af óuppfylltri fjármagnspörf en góðu tíðarfari.

Á fjárlögum 2008 var Skjóluskógum ætlað að reka sig og framkvæma fyrir 52 milljónir sem var 1,5 milljón kr. hærra en árið áður. Höfuðstóll í ársbyrjun var neikvæður um tæpar þrjár milljónir og allar áætlanir miðuðust við að vinna bug á þeim rekstrarhalla, hvað og tókst enda rekstrarkostnaður ársins rúmar 47 milljónir á móti 51 milljón árið áður.

Þetta náðist með aðhaldsaðgerðum en bein framlög til framkvæmdir á bújörðum lækkuðu þó um 800 þúsund krónur milli ára og urðu 22,6 milljónir kr.

Þetta ár var ekki ráðinn sumarstarfsmaður líkt og tíðkast hefur frá 2002 og var öðrum starfsmönnum falið að sinna verkefnum í Strandasýslu og Austur-Barðastrandasýslu sem Hallfríður Sigurðardóttir bóndi á Svanshóli hafði sinnt með miklum ágætum. Ársverkum ráðinna starfsmanna fækkaði því úr 3,4 í 2,8.

Þegar kom fram á hrunmánuði ársins varð ljóst að ekki mundi veita af öllu fjármagni sem tækist að spara á árinu til að nota á hinu næsta enda varð þegar ljóst að samdráttur yrði um a.m.k. 20% í fjárveitingum af fjárlögum.

Til ýmissa aðgerða var gripið til að undirbúa næsta ár svo sem að ákveða að gera ekki fleiri nýja samninga að svo stöddu, gera samninga við plöntuframleiðendur um að fresta að hluta afhendingum plantna fram á árin 2009 og 2010. Fundað var með bændum og í framhaldinu tekin um það ákvörðun að greiða ekki framlög til viðhalds girðinga árið 2009. Ákveðið að taka upp nýja greiðslutilhögun á stofnframlagi girðinga, greiða það framlag í hlutfalli við gróðursetningu hvers árs í stað þess að greiða stofnframlag út á þremur árum eins og tíðkast hafði hjá Skjóluskógum frá upphafi.

## Helstu framkvæmdir.

Gerðir voru samningar á tveimur nýjum jörðum á árinu:

Klukkuland í Dýrafirði	192 ha. nytjaskógrækt
Víðidalur í Steingrímsfirði	183 ha. nytjaskógrækt.


Einnig var samið um stækkun samningslands á:

Felli í Dýrafirði	úr 25 ha í 50,3 ha.
Mýratunga II í Reykh.sv.	úr 24 ha í 56 ha.

Einnig var gengið frá formlegum samningi við bóndann á Höfða í Dýrafirði um 327,14 ha lands sem hafði allt frá 1997 verið undir þríhliða samningi bónda við Skjólakóga og Landgræðsluna en nú hefur Landgræðslan skilað sínum þætti í meðferð og uppgræðslu gróðurvana lands innan samningssvæðisins.

Við árslok 2008 eru alls 2.660 hektarar samningsbundnir Skjólakógum á Vestfjörðum og þar af 195 ha ræktuð tún þar sem framkvæmdirnar eru að mestu skjólbelti.

Engar skjólbeltaframkvæmdir voru á árinu en gróðursettar voru 289.366 skógarplöntur, um 20.000 færri en árið áður.



## Fundargerðir stjórnar.

### 34. stjórnarfundur Skjólskóga

Fundartími: Fimmtudagur 17. janúar 2008 kl. 08:30 – 10:40

Fundarstaður: Fundarsalur Skógræktarfélags Íslands

Skúlatúni Rvík.

Mættir: Þórólfur Halldórsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson og Sæmundur Kr. Þorvaldsson, Ásvaldur Magnússon í síma.

Dagskrá / Fundarfrásögn:

#### 1. Fjárhagsstaða um síðustu áramót

Ekki tókst að ná niður 3 m kr. halla þrátt fyrir góð fyrirheit. Stafaði það m.a. af samningsbundnum framkvæmdum við tvær jarðir sem ekki reyndist unnt að fresta. Einnig kom til viðbótar óvæntur kostnaðurlíður upp á kr. 900 þús. vegna „Grænsíðu.“

Stjórn Skjólskóga á Vestfjörðum hefur ákveðið að segja upp samningnum um Grænsíðu og felur framkvæmdastjóra að annast það.

Lækkun á liðnum „filmur, kort og myndefni“ stafar af samningi við Ísgraf sem rann út um síðustu áramót.

Eftir er að greina af hverju samantekinn liðurinn „laun, akstur og dagpeningar 2007“ fór 1.6 m kr. fram úr áætlun.

Ákveðið var á árinu að senda tvo starfsmenn á skjólbeltanámskeið í Danmörku og fer því kostnaður af liðnum „námskeiðs- og skólagjöld“ 330 þús. kr. fram úr áætlun. Eftir er að komast að því hvort vsk. fáist endurgreiddur.

#### 2. Rekstraráætlun 2008, framkvæmdir og fjármagn

- Starfsmannamál
- Endurnýjun bíls

Verkefnið framundan, þegar rauntölur vegna ársins 2007 verða komnar fram, er að leita allra leiða til að ná niður uppsöfnuðum halla á árinu 2008. Stjórnin óskar eftir tillögum um hagræðingar- og sparnaðaraðgerðir fyrir næsta stjórnarfund, í febrúar. Ársuppgjör yrði tilbúið fyrir þann stjórnarfund.

#### 3. Nýjar samningsjarðir

Kynnt ný lönd á jörðum sem fyrirhugað er að gera samninga við, ef fjármögnun leyfir: Tröð í Öfundarfirði (39 ha), Otradalur í Arnarfirði (43 ha), Lambadalur í Dýrafirði (21,7 ha), Víðidalsá í Steingrímsfirði (< 200 ha), Klukkuland í Dýrafirði (< 200 ha) og Heimabæn í Arnardal (50-100 ha). Umræðu frestað til næsta stjórnarfundar.

Í desember s.l. var gengið frá nýjum samningi á Klúku í Bjarnarfirði (28 ha) og Mýrartungu í Reykhólasveit (stækkun úr 24 í 51 ha).

Rætt var um framkvæmd reglna um greiðslur vegna girðingarframkvæmda. Eins og reglurnar er nú, hvetja þær meira til þess að tekin séu stór, samfelld landssvæði til samninga fremur en smærri skikar. ÞH telur ástæðu til að skoða hvernig núverandi reglur eru að hvetja til skilvirkni og sannreyna hvort núverandi reglur séu að borga sig. ÁM óskaði eftir frekari sundurgreiningu á liðnum „framlög til skógræktar“ til þess að átta sig betur á hlutföllum við skógræktarframkvæmdir. SæÞ upplýsti að 18% af þessari upphæð eru framlög til girðinga, og að 32 jarðir eru enn að fá skógræktarframlög.

4. Útboð á plöntum
5. Fundir með skógarbændum 2008

Nýjar leiðir í ræktun skjólbelta að danskri fyrirmynd (stærri belti; meiri tegundafjölbreytni; vélvæðing og eiturefnanotkun við illgresisreyðingu; varanlegri og tegundafjölbreyttari belti) þarf að kynna fyrir bændum og örva skjólbeltarækt með fundum.

6. Skjólbeltaúttekt 2007
7. Þingsályktun 2009 – 2019

Verður rætt á fundi framkvæmdastjóra landshlutaverkefna síðar í dag.

Stefnt er að næsta fundi á Þingeyri í byrjun febrúarmánaðar.

## **35. stjórnarfundur Skjólskóga**

Fundartími: Miðvikudagur 6. febrúar 2008 kl. 14:00 – 18:00  
Fundarstaður: Fundarsalur á Hótel Sögu við Hagatorg. Reykjavík.  
Mættir: Þórolfur Halldórsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Ásvaldur Magnússon og Sæmundur Kr. Þorvaldsson.

Fundarfrásögn:

8. Rekstrar reikningur 2007  
Ítrekað var að samstarfssamningur Skjólskóga á Vestfjörðum við önnur landshlutaverkefni í skógrækt um uppbyggingu og rekstur Grænsíðu verði sagt upp. Framkvæmdastjóra falið að rita bréf og segja samningnum upp.  
Farið var í gegnum rauntölur í samanburði við áætlanir ársins 2007 til þess að greina frávik. Áætlað er að með uppsögn samnings um Grænsíðu sparist 900 þús. kr. á árinu 2008.
9. Fjárhagsáætlun 2008.  
Farið var ítarlega í gegnum forsendur fjárhagsáætlunar 2008, í því augnamiði að finna leiðir til þess að ná niður kostnaði. Framkvæmdastjóra var falið að vinna frávikagreiningu til þess að fylgjast betur með hvernig gengur að standa við rekstraráætlunina.

Niðurstaða stjórnar var sú að leggja til að ekki verði ráðinn sumarstarfsmaður á árinu 2008, nema að til komi verkefni og tekjur á móti fyrir Skjólskóga.

#### 10. Plöntukaup vegna 2009-2011.

Opnuð hafa verið tilboð hjá Ríkiskaupum í framleiðslu skógarplantna fyrir Skjólskóga vegna áráanna 2009 – 2011 (útboð nr. 14412, des. 2007).

Niðurstaðan er að lágsta boð í tvær tegundir á Barri hf. á Egilsstöðum og í allar aðrar tegundir er lágsta boð frá Sólskógum ehf, Keldá á Fljótshéraði.

Tilboð Barra er 3.120.000 kr og Sólskóga 37.666.700 kr. Samtals eru þetta **40.786.700 kr** á þrem árum eða 13.595.566 kr. á ári (tölur með vsk).

Plöntufjöldinn er 314.000 árið 2009. 344.000 árið 2010 og 344.500 árið 2011, alls **1.002.500 plöntur**. 3% lækkun á plöntuverði fæst með þessu útboði frá því sem verið hefur undanfari ár, miðað við sambærilega vöru.

Ekki var að þessu sinni boðin út framleiðsla á víðitegundum, reynivið og heimakvæmum af birki.

10 daga athugasemdafrestur frá opnun tilboða er ekki liðinn en frakvæmda-stjóra falið að ganga til samninga við lægstbjóðendur ef engir hnökrar koma fram.

#### 11. Önnur mál.

Samþykkt var að gefa kost á nýjum samningum við skógræktarjarðir með fyrirvara um að ekki verði greidd stofnframlög girðinga á árinu 2008.

Fleira var ekki gert.

## 36. fundur Skjólskóga á Vestfjörðum

Fundartími: Miðvikudagur 16. maí 2008 kl. 10:00 – 18:00

Fundarstaður: Þingeyri.

Mættir: Þórolfur Halldórsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Ásvaldur Magnússon og Sæmundur Kr. Þorvaldsson.

Fundarfrásögn:

#### 1. Staða rekstrar og framkvæmda.

Flest er á réttu róli, en hækkunar á olú- og áburðarverði munu leiða til kostnaðar-hækkana umfram áætlanir. Einnig er fyrirsjáanlegt vandamál með aðföng á seinleystum áburði, því Áburðarverksmiðjan hf. hefur ákveðið að hætta framleiðslu á Grósku. Leita þarf leiða til kaupa á seinleystum áburði, annaðhvort í samvinnu við innlenda dreifingaraðila eða með beinum kaupum að utan.

Sumar gróðrarstöðvar munu eiga í erfiðleikum með afhendingu plantna til vorgróðursetningar. Á móti kemur að vegna síðbúins vors ætti að vera hægt að standa við afhendingu. Rætt var um möguleika og vandamál (við skipulagningu) samfara frystigeymdum plöntum.

## 2. Úttekt á skjólbeltum 2007.

Heildarniðurstaða fyrir starfssvæði Skjólskóga: 65% skjólbelta eru í „góðu ástandi“; 20% „skörðótt en virka“, 10% „léleg en hægt að laga“ og 8% „ónýt“. Ástandið er lakast í V-Ísafj.sýslu: 50% í góðu ástandi en 20% ónýt. Niðurstöður mjög svipaðar og á Suðurlandi.

## 3. Tillögur að endurskoðun styrkjakerfis í skjólbeltarækt .

Ákveðið að undirbúa m.t.t. breytts skipulags skjólbelta, taka ákvarðanir um tegundaval í „nýja gerð“ skjólbelta, vinna að vönduðu skipulagi, vanda undirbúning „tilraunaskjólbeltis“.

Tillaga starfsmanna Skjólskóga um nýtt fyrirkomulag framlaga til skjólbeltagerðar var kynnt og rædd en ákvörðun frestað.

## 4. Úttekt á lifun í skógrækt .

Gerð grein fyrir úttekt Arnlínar Óladóttur á þéttleika gróðursetninga á fjórum jörðum. Bæta verður aðferðafræði við frekari úttektir og samræma aðferðafræðina á landsvísu.

## 5. Nýjar umsóknir og samningar í undirbúningi.

Komin er ný umsókn frá Neðri-Bæ í Selárdal og umsókn um að stækka samning á Felli í Dýrafirði um 26 ha. Samþykkt að ganga til samninga. Samþykkt var að gera einn samning um Klukkuland og Hólakot í Dýrafirði. Verið er að skoða umsókn um Hólasel í Reykhólahreppi.

## 6. Önnur mál.

Heimsókn í skógræktarland og skjólbelti á Höfða í Dýrafirði.

AS.

## 37. fundur Skjólskóga á Vestfjörðum

Fundartími: Mánudaginn 22 sept.2008 kl. 20:00 – 22:00 og þriðjudaginn 23. sept. 13:00-16:00.

Fundarstaður: Lyngholt, Tröð og Holt.

Mættir: Þórólfur Halldórsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Ásvaldur Magnússon og Sæmundur Kr. Þorvaldsson.

Dagskrá:

### 1. Grænsíða.

Öll verkefni hafa sagt upp samningi við Nýherja um frekari þróun, en óútkjáð er hvernig staðið verður að varanlegri hýsingu Grænsíðu, nema hvað hin verkefni virðast tilbúin til að greiða kostnað af áframhaldandi hýsingu kerfisins. Nýherji hefur fallið frá frekari kröfum á hendur Skjólskógum. Skjólskógar höfðu greitt á árinu á 100-200 þús. kr. (fyrir jan.-apríl). Aldrei var gengið frá formlegum samningi milli Skjólskóga og Nýherja (áður Tölvusmiðjan ehf.). Önnur verkefni eru samt enn að greiða Nýherja fyrir hýsingu mánaðarlega (150 þús. kr. á mánuði; 1,8 m kr. á ári, deilt á þau verkefni sem vilja áfram vera með í Grænsíðu). Austurnet býðst til að annast hýsingu kerfisins fyrir sama kostnað ef áhugi er fyrir hendi. Viðræður eru í gangi við Bændasamtök Íslands (B.Í.) um að taka yfir rekstur grunnsins. Önnur tölvukerfi (svo sem bókhaldskerfi) sem þróuð hafa verið hjá Bændasamtökunum hafa verið rekin með þeim hætti að einstakir bændur kaupa sér aðgang að kerfinu.



Tæknileg staða Skjólskóga í notkun landupplýsingakerfis (GIS) er sú að hægt er að halda utan um og kalla fram í eigin kerfi upplýsingar um allar framkvæmdir, s.s. flatarmál, tegundir, magn og þeittleika og senda „þekjur“ til þeirra úttektaðila eða annara sem þess æskja eða það varðar.

Áfram verður að fylgjast með þróun þessara mála á landsvísu hjá BÍ, en Skjólskógar verða ekki skuldbundnir til að bera af því kostnað. Fyrir liggur hins vegar að nú verði Skjólskógar að gera nýjan samning við Loftmyndir ehf. um aðgang að loftmyndum. Fyrir næsta stjórnarfund verða lögð fram drög að nýjum samningi við Loftmyndir.

## 2. Staða þingsályktunar um LHV og fjárveitingar næstu ára.

Farið yfir rökstuðning fyrir auknum fjárveitingum næstu ára í þingsályktun.

## 3. Heimsókn sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis

Mættir: Arnbjörg Sveinsdóttir (formaður), Karl V. Mattíasson (varaformaður), Atli Gíslason og Valgerður Sverrisdóttir, ásamt stjórn Skjólskóga á Vestfjörðum

Heimsókn á Tröð í Önundarfirði kl. 9:20 til 10:20. Hist á vegamótunum við Mosvelli. Byrjað á stuttri tölu um Skjólskóga á veginum þar sem sést yfir skjólbeltakerfi og skógrækt Tröð.

Tröð verður dæmi um jörð þar sem stunduð er „búskaparskógrækt“. Bóndinn er gildur sauðfjárbóndi (með 270 fjár) sem er að rækta upp þriggja hólfa beitarskóg og skjólbelti á túninu sem hóf skógrækt 1997. Auk þess er stunduð uppgræðsla á jörðinni í gegnum BGL. Aðgerðir eru skraddarasaumaðar fyrir þarfir landeigandans og aðstæður á jörðinni. Koma því að hér á Vestfjörðum er Skjólskógar eina landbúnaðartengda stofnunin/fyrirtækið fyrir utan mjólkurstöðina á Ísafirði.

Fundur með nefndinni kl. 11 í Holti,

Rædd voru fjármál; fjárveitingar hafa ekki einu sinni haldið í við launavísitölu.

Heildarframlög til Skjólskóga hefur verið að lækka að raungildi frá 2004.

Núverandi þingsályktun hefur runnið sitt skeið. Menn voru að miða sínar áætlanir við hana, en hún hefur ekki verið efnd. Þegar ný tillaga lítur dagsins ljós, verður að efna hana; hún verður að eiga sér stoð í fjárlögum. Kolefnismál: Við þurfum að koma inn á þetta, einkum m.t.t. sérstöðu Skjólskóga (smæðin). Víkka þarf verkefnavalið, t.d. samvinnu við vegagerð Hádegisverður með nefndinni kl.12. Nefndi kvödd eftir hádegisverð og stjórnarfundum fram haldið.

## 4. Fundargerðir 35. og 36. stjórnarfunda (6. feb. og 16. maí) lesnar og samþykktar, án athugasemda.

## 5. Ársreikningur Skjólskóga 2007 –Ríkisendurskoðun.

Framlagður ársreikningur lesinn, ræddur og undirritaður.

## 6. Staða rekstrar og framkvæmda 2008

Framkvæmdastjóri gaf stutt yfirlit en lofaði ítarlegri upplýsingum á næsta fundi. Að óbreyttum fjárveitingum verður ekki svigrúm til að gera nýja samninga sem fela í sér kostnað vegna nýrra girðinga.

Rætt var um möguleikana á nýjum verkefnum, svo sem samstarfsverkefni við Vegagerðina um mótvægisáðgerðir (á grundvelli mats á umhverfisáhrifum, s.s. vegna vegagerðar um Teigsskóg) og hins vegar samstarf við Vegagerðina um skjólbeltagerð meðfram þjóðvegum til

Þess að fanga snjó og hefta skafrenning. Ákveðið var að ræða málið við yfirmann Vegagerðarinnar á Vestfjörðum og hugsanlega óska eftir fundi með samgönguráðherra um málið. Einnig var ákveðið að senda bréf vegna nýframkvæmda vega sem fara yfir nýgróðursetningar, en dæmi eru um slíkar framkvæmdir á næstunni.

#### 7. Nýjar umsóknir og samningar í undirbúningi.

Allt óbreytt frá síðasta fundi, nema hvað tvær jarðir hafa sótt um inngöngu (Ytri-Veðrará í Öundurafirði og Brekka í Brekkudal í Dýrafirði). ÁM leggst gegn því að teknir verði inn nýir landeigendur á þeim grundvelli að ekki þurfi að greiða girðingarskostnað, því með því er óbeint verið að mismuna eftir efnahag („kaupa sig fram fyrir í röðinni“). Samþykkt að ef ekki verður fjármagn á fjárlögum 2009 til að greiða stofnframlag nýrra girðinga verði ekki gerðir nýir samningar.

#### 8. Önnur mál.

- a. Vanefndir samningar. Fram kom hjá framkvæmdastjóra að nokkrir samningsbundnir aðilar hafa vanefnt samningsskyldur sínar við Skjólskóga. Nauðsynlegt er að senda mönnum alvarlegar áminningar í ábyrgðarpósti og krefja þá um efndir. Verði ekki efndir, skal athuga riftun samninga og beitingu vanefndarúrræða.

Fleira ekki gert. AS/SP

## 38. fundur Skjólskóga á Vestfjörðum

Fundartími: Föstudaginn 17 október. 2008 kl. 12:05-12:25.

Fundarstaður: *Símafundur*.

Mættir: Þórólfur Halldórsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Ásvaldur Magnússon og Sæmundur Kr. Þorvaldsson.

Dagskrá:

#### 9. Staða rakstrar og fjárhagsáætlana í náinni framtíð.

Vegna sérstakra aðstæðna í fjármálum landsins er ákveðið að senda þeim aðilum sem eiga gildar umsóknir um samning við Skjólskóga og eru í undirbúningsferli vegna samnings og upphaf framkvæmda á árinu 2009 eftirfarandi tilkynningu:

Vegna óvissu um niðurstöðu fjárlaga 2009 er tilkynnt hér með að ef ekki verða hækkarnir á fjárveitingum til Skjólskóga á árinu 2009 frá því sem var 2008 að raungildi, verður ekki hægt að gera nýja samninga um skógrækt á lögbýlum.

Þessi ákvörðun verður í gildi þar til úr rætist.

Jafnframt var ákveðið að senda tilkynningu til þeirra sem hafa gert samning á árinu 2008, en féllust á frestun stofnframlags girðinga um eitt ár, eftirfarandi:

Stjórn Skjólskóga á Vestfjörðum vill koma þeim viðvörunarorðum á framfæri við þá aðila sem hafa vilryði Skjólskóga um fyrstu greiðslu girðingarframlaga á árinu 2009, að hafa það í huga að afleiðing yfirstandandi fjármálakreppu *getur orðið stórfelldur niðurskurður fjárveitinga til*

verkefnisins á næsta ári eða árum. Slíkt kann að leiða til þess að Skjólaskógar geti ekki staðið við vilyrði hvað þetta varðar.

Verði fjárveitingar 2009 í samræmi við fjárlagatillögu eins og hún liggur nú fyrir Alþingi munu Skjólaskógar auðvitað standa við sitt.

Fleira ekki gert. SP

## 39. fundur Skjólaskóga á Vestfjörðum

Fundartími: Þriðjudaginn 9. des.2008 kl. 10:00 – 11:30 (símafundur).

Mættir: Þórólfur Halldórsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Ásvaldur Magnússon og Sæmundur Kr. Þorvaldsson.

Dagskrá:

### 10. Fjármál.

Frumvarp til fjárlaga lagt fram til annarrar umræðu fyrir eða eftir komandi helgi. Allt er enn óljóst um niðurskurð frá fyrri fjárlagatillögudrögum. Bréf var sent upp úr miðjum október til allra jarða sem eiga umsókn hjá Skjólaskógum þar sem tilkynnt var að ekki yrði af nýjum samningum nema að aukning yrði á fjárveitingum. Ef kemur til niðurskurðar í fjárveitingum, verður að grípa til niðurskurðar á framlögum til jarða sem þegar eru með samninga. Ákveðið var að bíða átekta og sjá hverju fram vindur, áður en gripið verður til frekari aðgerða.

### 2. Snjófangarar.

Fundur með Vegagerðinni um átak til ræktunar snjófangara t.d. á Klettshálsi, Vatnsfjarðarhálsi, við Dranga í Dýrafirði. Við Klettsháls er miklu meira svæði til umráða. Nú er stefnan hjá Vegagerðinni að kaupa það land sem fer undir vegi. Snjófangarar þyrftu mun meira land en „hefðbundna 30 m ræmu“. Skjólaskógar munu skoða málið vel í vetur og gera tillögur. Starfsmannafundur verður haldinn á morgun þ.s. rædd verða verkefni á komandi ári, m.a. mögulegt andrými fyrir verkefni sem setið hafa lengi á hakanum, t.d. vinna við úttekt vegna 10-ára áætlunar fyrir Skjólaskóga. Rætt var um aðkomu Skjólaskóga að ræktun nýrra skóga í stað skóga sem fara undir vegagerð (t.d. við Hallsteinsnes). Ræktunin færi fram á einkajörð(um), en Skjólaskógar yrðu umsjónaraðili.

### 3. Nýjar jarðir

Fjórar jarðir fóru inni á árinu með samning um stofn-girðingarframlög en höfðu fallist á frestun stofnframlags –óvíst um efndir. Sex jarðir eru á biðlista.

### 4. Atvinnuáttak

Að frumkvæði Skógræktarfélags Íslands er unnið að víðtækri áætlun um verkefni á sviði skógræktar til að takast á við fyrirsjáanlegt atvinnuleysi árána 2009-2010, í samstarfi við landshlutaverkefna í skógrækt, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Atvinnuleysistryggingasjóð, Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Arkitektafélag Íslands og Félag verkfræðinga. Fyrsti sameiginlegi fundur þessara aðila verður nú í hádeginu.

Fleira var ekki gert.

Fundarritari: Aðalsteinn Sigurgeirsson

## 40. stjórnarfundur Skjólskóga á Vestfjörðum

Fundartími: fimmtudagur 18. des.2008 kl. 13:30 – 14:30 (símafundur).

Mættir: Þórólfur Halldórsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Ásvaldur Magnússon og Sæmundur Kr. Þorvaldsson.

Dagskrá:

### 11. Fjármál 2008

Gert er ráð fyrir að árið 2008 verði gert upp með allt að 1 milj.kr afgangi. Þetta merkir að gjöld hafa verið tæpum fjórum milljónum kr. lægri en tekjur því rakstrarhali um síðustu áramót var upp á rétt tæpar þrjár milljónir.

### 12. Fjárveiting 2009.

Föstudaginn 12. desember síðastliðinn voru framkvæmdastjórar landshlutaverkefna kölluð á fund í Landbúnaðar og sjávarútvegsráðuneyti vegna frjárlagatillagna ársins 2009. Þar var tilkynnt að fjárveiting ril Skjólskóga yrði skorin niður um 11,5 milljónir frá því sem gert var ráð fyrir við framlagningu fjárlagafrumvarps í október sl. og yrði 46,1 milljón.

### 13. Fjárhagsáætlun 2009.

Með því að fresta um óakveðinn tíma gerð nýrra samninga og þar með verkefnum sem voru á áætlun 2009 má lækka kostnað um liðlega 3 milljónir en á móti kemur að verðhækkun vegna vísitöluákvæða í plöntukaupasamningum verður líklega um 3 millj. króna. Skjólskógar standa því frammi fyrir því að lækka kostnað um allt að 10 milljónum á næsta ári.

Eftirfarandi atriði voru rædd:

- Lækka kostnað við plöntukaup með samningum við framleiðendur, hefjast strax handa við að ná fram lækkun 2010-2011.
- Reyna að komast hjá vísitöluhækkunum á aðra kostnaðarliði,
- Lækka starfshlutfall starfsmanna,
- Fresta eða fella niður tímabundið framlög vegna beitarfriðunar,
- Reyna að lækka kostnað við gróðursetningu með því að fá fólk af atvinnuleysissskrám til starfans á einstökum jörðum,
- Reyna að auka tekjur með nýjum verkefnum s.s. Vegagerð ríkisins.

Samþykkt að senda bréf í ráðuneyti með greinargerð um hvaða aðgerðum sé unnið að, og jafnframt að niðurstaða muni ekki verða ljós fyrir en seinnipart janúar nk.

Samþykkt að boða til funda í janúar með samningsbundnum framkvæmdaraðilum um stöðuna og tilraunir/tillögur til að lækka kostnað.

Fleira var ekki gert.

Fundarritari: Sæmundur Þorvaldsson.

# Ársreikningur 2008

## Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Skjólskógar á Vestfjörðum starfa samkvæmt lögum nr. 95/2006, lög um landshlutabundin skógræktarverkefni og er tilgangur laga þessara að skapa skógarauðlind með ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta í landinu ásamt verndun og umhirðu þess skóglendis sem fyrir er.


Á árinu 2008 varð 4,8 m.kr. tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir 2,1 m.kr., skuldir 0,3 m.kr. og eigið fé var jákvætt um 1,8 m.kr. í árslok 2008.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Skjólskóga á Vestfjörðum staðfesta ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Þingeyri, <sup>sept.</sup> 16. ~~ágúst~~ 2009.





Þóroldur Halldórsson  
formaður.



Aðalsteinn Sigurgeirsson.

Ásvaldur Magnússon.



Sæmundur Þorvaldsson  
framkvæmdarstjóri

## Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og ráðuneytis

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Skjólskóga á Vestfjörðum fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### *Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum*

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### *Ábyrgð endurskoðenda*

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### *Álit*

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Skjólskóga á Vestfjörðum á árinu 2008, efnahag 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 6. september 2009.



Sveinn Arason  
ríkisendurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2008

Tekjur	Skýr.	2008	2007
Sértekjur .....		455.000	1.069.473
	1	<u>455.000</u>	<u>1.069.473</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun- og launatengd gjöld .....	2	15.909.119	17.588.659
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	3	1.599.989	1.228.297
Funda- og ferðakostnaður .....	4	2.467.632	3.997.388
Aðkeypt sérfræðipjónusta .....	5	523.332	975.670
Rekstur tækja og áhalda .....	6	319.683	214.765
Annar rekstrarkostnaður .....	7	1.133.564	838.402
Húsnæðiskostnaður .....	8	833.924	621.059
Bifreiðarekstur .....	9	1.355.776	912.285
Landbúnaðarrekstur .....	10	250.579	680.440
Tilfærslur .....	11	<u>22.661.670</u>	<u>23.326.480</u>
		47.055.268	50.383.445
Eignakaup .....	12	<u>316.245</u>	<u>538.015</u>
		<u>47.371.513</u>	<u>50.921.460</u>
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....	13	( 256.668)	( 180.822)
<b>(Tekjuhalli) tekjuafgangur fyrir ríkisframlag</b>		( 47.173.181)	( 50.032.809)
Ríkisframlag .....		<u>52.000.000</u>	<u>50.500.000</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>		<u><u>4.826.819</u></u>	<u><u>467.191</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir	Skýr.	2008	2007
<b>Veltuffjármunir</b>			
Ríkissjóður .....	14	405.249	0
Viðskiptakröfur .....		187.049	870.331
Handbært fé .....		1.563.966	0
		<u>2.156.264</u>	<u>870.331</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>2.156.264</u>	<u>870.331</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		( 2.979.466)	( 3.446.657)
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins .....		4.826.819	467.191
<b>Höfuðstóll</b>	15	<u>1.847.353</u>	<u>( 2.979.466)</u>
<b>Eigið fé</b>		<u>1.847.353</u>	<u>( 2.979.466)</u>
 <b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ríkissjóður .....	14	0	153.630
Yfirdráttur á bankareikning .....		0	2.585.817
Viðskiptaskuldir .....		308.911	1.110.350
<b>Skuldir</b>		<u>308.911</u>	<u>3.849.797</u>
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>		<u>2.156.264</u>	<u>870.331</u>



## Sjóðstreymi árið 2008

	Skýr.	2008	2007
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		4.826.819	467.191
<i>Veltufé frá rekstri</i>		<u>4.826.819</u>	<u>467.191</u>
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtimákröfur lækkun/(hækkun).....		683.282	( 451.528)
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....		( 801.439)	( 1.864.103)
		<u>( 118.157)</u>	<u>( 2.315.631)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		4.708.662	( 1.848.440)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð:</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	( 52.000.000)	( 50.500.000)	
Greitt úr ríkissjóði.....	51.441.121	49.682.104	
Breyting á greiðslustöðu gagnvart ríkissjóði	( 558.879)	( 817.896)	
<i>Önnur fjármögnun:</i>			
Skuld á hlaupareikningi.....	( 2.585.817)	2.585.817	
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	( 3.144.696)	<u>1.767.921</u>	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		1.563.966	( 80.519)
Handbært fé í ársbyrjun.....		0	80.519
<b>Handbært fé í lok ársins</b>		<u>1.563.966</u>	<u>0</u>

## Skýringar

### Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Skjólskóga á Vestfjörðum er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

#### Skattar

Skjólskógar á Vestfjörðum er ríkisstofnun og greiðir ekki tekjuskatt.

#### Skráning tekna

Tekjur eru bókaðar við greiðslu.

#### Skráning gjalda

Gjöld eru bókuð við greiðslu. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

#### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

#### Handbært fé

Stofnunin heldur ekki sjóð en er með bankareikning.

#### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvilandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í cinu lagi hjá ríkissjóði.

#### Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

## Skýringar

### Bókhald og fjárvarsla

Skjólaskógar á Vestfjörðum eru í bókhaldsþjónustu hjá Endurskoðun Vestfjarða ehf., en fjárreiður eru í höndum stofnunarinnar sjálfar. Laun eru greidd með milligöngu launaafgreiðslu Fjárslu ríkisins.

### Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum 2008 til stofnunarinnar námu 51,2 m.kr. Við þær bættust 800 þús.kr. launabætur og urðu fjárheimildir ársins 2008 því 52,0 m.kr.

Rekstrargjöld, að frádrögnum sértekjum, námu alls 47,2 m.kr. og urðu því 4,8 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur .....	0	0	( 479)	479
Laun og launatengd gjöld .....	15.900	16.700	15.909	791
Önnur rekstrargjöld .....	9.500	9.500	8.766	734
Tilfærslur .....	25.800	25.800	22.662	3.138
	51.200	52.000	46.857	5.143
Stofnkostnaður .....	0	0	316	( 316)
	51.200	52.000	47.173	4.827

Rekstrarreikningur sundurliðaður eftir tegundum, er með eftirgreindum hætti:

	2008	2007
Laun og launatengd gjöld .....	15.909	17.589
Önnur rekstrargjöld .....	8.766	9.696
Tilfærslur .....	22.662	23.326
Sértekjur .....	( 479)	( 1.116)
	46.857	49.495
Eignakaup .....	316	538
	Samtals	
	47.173	50.033

## Skýringar

### Sundurlíðanir

#### 1. Sértekjur

Sértekjur lækkuðu um 614 þús.kr. eða 57,5%. Seld sérfræðipjónusta er vegna útseldrar vinnu að verkefnum fyrir Landgræðslu ríkisins og Vesturlandsskóga.

	2008	2007
Seld sérfræðipjónusta .....	455.000	816.750
Aðrar tekjur .....	0	159.858
	<u>455.000</u>	<u>1.069.473</u>

#### 2. Laun og launatengd gjöld

Launagjöld lækkuðu um 1,7 m.kr. eða 9,5%. Fjöldi ársverka í dagvinnu á árinu 2008 voru 2,8 samanborið við 3,2 á fyrra ári sem er 12,5% fækkun. Sem þáttur í sparnaðaraðgerðum var ekki ráðinn sumarstarfsmaður á árinu 2008 sem hefur annast svæðisstjórn í Strandasýslu og Austur-Barðastrandasýslu í 5-6 mánuði á ári.

Dagvinna .....	12.706.808	13.973.216
Aukagreiðslur .....	600.000	676.256
Launatengd gjöld .....	2.602.311	2.939.187
	<u>15.909.119</u>	<u>17.588.659</u>

#### 3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður hækkaði um 372 þús.kr. eða 30,3%. Lækkun skrifstofuvara mátti rekja til breytinga á afnotum loftmynda af Vestfjörðum. Auglýsingakostnaður hækkaði vegna útboða og auglýsingar á framleiðslu skógarplantna. Flutningskostnaður hækkaði vegna áburðarflutninga. Afnotagjöld eru greidd fyrir ArcView hugbúnað, sem er landupplýsingakerfi.

Tímarit, blöð og bækur, skrifstofuvörur .....	235.995	484.182
Auglýsingar og kynningar, útgáfustarfsemi .....	590.996	71.340
Síma- og burðargjöld, vöru- og hraðflutningar .....	527.545	340.021
Afnotagjöld .....	245.453	293.064
Ýmis kostnaður .....	0	39.690
	<u>1.599.989</u>	<u>1.228.297</u>

## Skýringar

### 4. Funda- og ferðakostnaður

Funda- og ferðakostnaður lækkaði um 1,5 m.kr. eða 38,3%. Ferða- og dvalarkostnaður innanlands eru aðallega ferðir starfsmanna á fundi og ferðir á stjórnarfundum vestur. Lækkun kom aðallega fram í dagpeningum sem mátti m.a. rekja til styttri ferða og fleiri stjórnarfunda í formi símafunda. Námskeiðskostnaður lækkaði milli ára. Í sparnaðarskyni var dregið úr akstri starfsmanna og erindum safnað saman.

	2008	2007
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands .....	875.112	1.497.880
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis .....	0	56.180
Funda-, ráðstefnu- og námskeiðsgjöld, risna .....	426.370	635.321
Akstur .....	1.166.150	1.808.007
	<u>2.467.632</u>	<u>3.997.388</u>

### 5. Aðkeypt sérfræðipjónusta

Aðkeypt sérfræðipjónusta lækkaði um 452 þús.kr. eða 46,4%. Lækkun sérfræðipjónustu má rekja til þess að Skjólsgógar sögðu sig frá samningi um þróun og smíði miðlægs gagnagrunns í skógrækt.

Sérfræðipjónusta .....	227.732	699.763
Bókhaldspjónusta .....	295.600	275.907
	<u>523.332</u>	<u>975.670</u>

### 6. Rekstur tækja og áhalda

Rekstur tækja og áhalda hækkaði um 105 þús.kr. eða 48,9%. Undir þennan lið fellur kostnaður vegna ýmissa smátækja, áhalda og skrifstofubúnaðar. M.a. falla gróðursetningaráhöld undir þennan lið.

Smátæki og áhöld .....	318.244	62.924
Viðgerðir og viðhald .....	0	62.064
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	1.439	89.777
	<u>319.683</u>	<u>214.765</u>

## Skýringar

### 7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 295 þús.kr. eða 35,2%. Helsti liður ýmiss kostnaðar er umsjón með plöntulager.

	2008	2007
Máltíðir og matvæli .....	7.969	12.795
Rekstrarvörur .....	79.472	98.442
Ýmis kostnaður og þjónustugjöld .....	1.046.123	712.199
Tapaðar kröfur .....	0	14.966
	<u>1.133.564</u>	<u>838.402</u>

### 8. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður hækkaði um 213 þús.kr. eða 34,3%. Stofnunin hefur aðsetur á Þingeyri og greiðir húsaleigu eftir samningi.

Leigugjöld .....	707.304	618.127
Orka .....	19.145	2.932
Viðhald fasteigna .....	107.475	0
	<u>833.924</u>	<u>621.059</u>

### 9. Bifreiðakostnaður

Bifreiðakostnaður hækkaði um 443 þús.kr. milli ára eða 48,6%. Stofnunin á eina bifreið.

Bensín og olía .....	578.443	300.262
Opinber gjöld og tryggingar .....	151.831	98.292
Viðgerðir og viðhald .....	615.370	507.794
Varahlutir og rekstrarvörur .....	10.132	5.937
	<u>1.355.776</u>	<u>912.285</u>

### 10. Landbúnaðarrekstur

Landbúnaðarrekstur lækkaði um 430 þús.kr. milli ára eða 63,2% en undir þennan lið fellur kostnaður við ýmis konar aðföng til skógræktar s.s. plöntur, áburð o.fl. Þessi kostnaður getur verið mjög breytilegur milli ára.

## Skýringar

### 11. Tilfærslur

Tilfærslur námu 22,7 m.kr. og lækkuðu um 665 þús.kr. eða 2,9%. Verkefnið greiðir 97% af samþykktum kostnaði við ræktun skóga í samræmi við samninga sem gerðir eru við hvern skógarbónda. Lækkun kostnaðar má rekja til minni framkvæmda á jörðum.

### 12. Eignakaup

Eignakaup lækkuðu um 222 þús.kr. eða 41,2%. Á árinu 2008 fólust þau í kaupum á tölvubúnaði og kerru.

	2008	2007
Tölvubúnaður .....	197.245	268.015
Önnur eignakaup .....	119.000	270.000
	<u>316.245</u>	<u>538.015</u>

### 13. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur .....	24.470	46.616
Vaxtagjöld .....	( 281.138)	( 227.438)
	<u>( 256.668)</u>	<u>( 180.822)</u>

### Annað

#### 14. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig eru greiðslur og framlag færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2008 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 405 þús.kr. samanborið við 154 þús.kr. skuld í árslok 2007.

Staða 1. janúar 2008 .....	( 153.630)
Ríkisframlag .....	52.000.000
Greiðslur .....	<u>( 51.441.121)</u>
Staða 31. desember 2008	<u>405.249</u>

## Skýringar

### 15. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2008 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ónotaða fjárheimild að fjárhæð 1,8 m.kr. og hafði staðan batnað um 4,8 m.kr. frá árinu á undan eða sem nam tekjuafgangi ársins 2008.

Höfuðstóll 1. janúar 2008 .....	( 2.979.466)
Ríkisframlag .....	52.000.000
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag .....	( 47.173.181)
Höfuðstóll 31. desember 2008 .....	<u>1.847.353</u>

### Kennitölur

#### Verkefnavísar

	2008	2007	2006
Fjöldi samningsbundinna skógræktarjarða .....	47	50	50
Heildarhektarafjöldi í skógrækt .....	2.620	2.344	2.344
Lengd ræktaðra skjólbelta í kílómetrum .....	64,4	64,4	64,4
Fjöldi gróðursettra plantna .....	2.593.501	2.304.135	1.994.754

#### Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2008	2007	2006	2005	2004
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	479	1.116	577	1.723	516
Rekstrargjöld .....	( 24.991)	( 27.822)	( 25.081)	( 27.811)	( 21.584)
Tilfærslur .....	( 22.662)	( 23.326)	( 22.646)	( 23.368)	( 20.067)
Tekjuafgangur .....	( 47.173)	( 50.033)	( 47.150)	( 49.456)	( 41.135)
Ríkisframlag .....	52.000	50.500	48.700	46.900	43.200
Tekjuafgangur/(halli) ársins .....	<u>4.827</u>	<u>467</u>	<u>1.550</u>	<u>( 2.556)</u>	<u>2.065</u>
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir .....	2.156	870	499	880	2.073
Eignir alls .....	<u>2.156</u>	<u>870</u>	<u>499</u>	<u>880</u>	<u>2.073</u>
Höfuðstóll .....	1.847	( 2.979)	( 3.447)	( 4.997)	( 2.441)
Skammtímaskuldur .....	309	3.850	3.946	5.877	4.514
Eigið fé og skuldir alls .....	<u>2.156</u>	<u>870</u>	<u>499</u>	<u>880</u>	<u>2.073</u>